

## Fyrirspurn

til ráðherra Hagstofu Íslands um neysluútgjöld fjölskyldna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á neysluútgjöldum fjölskyldna eftir fjölskyldugerð samkvæmt neysluviðmiði Hagstofu Íslands sl. fimm ár samanborið við neysluvísitölu á þessu tímabili?
2. Hvernig hafa fimm stærstu liðirnir í neysluútgjöldum breyst innbyrðis árin 2000–2004 og hvaða þættir voru það?
3. Hver voru neysluútgjöld samkvæmt neysluviðmiði Hagstofu Íslands eftir fjölskyldugerð árið 2004 sem hlutfall af:
  - a. hæstu samsettu lífeyrisgreiðslum almannatrygginga,
  - b. hæsta launaflokki Eflingar fyrir dagvinnu (25. flokki eftir sjö ár hjá sama vinnuveitanda),
  - c. meðalatvinnutekjum árið 2004 samkvæmt útreikningum kjararannsóknarnefndar?

Skriflegt svar óskast.